



**VERKALÝÐSFÉLAG
AKRANESS**
KIRKJUBRAUT 40 – 300 AKRANES
SÍMI 431 3122 – FAX 431 2841
KENNITALA 680269-6889

Alþingi
Erindi nr. þ 120,1559
komudagur 19 14 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Akranesi 15. apríl 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið eftir umsögn Verkalýðsfélags Akraness um ofangreint frumvarp. Svar félagsins fer hér á eftir:

Með því að leggja þetta frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfni fram á alþingi án samráðs við hreyfingar launafólks í landinu rauh félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin það þríhliða samstarf sem eðlilegt er að sé um slík mál og hefur verið kappkostað að viðhafa af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Raunar má einnig segja stjórnvöld hafi eyðilagt, með þessari gjörð sinni, þann möguleika að samkomulag næðist milli aðila vinnumarkaðarins um grundvallarreglur í samskiptum þeirra á milli. Með öllu er óskiljanlegt að þetta frumvarp skuli af ríkisvaldinu lagt fram í fullri andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

Ekki er ætlunin í þessari umsögn að gera athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins heldur benda á að eftir lestur frumvarpsins verður ekki annað ráðið en að það gangi þvert á yfirlýst markmið með framlagningu þess og yfirlýsta stefnu stjórnvalda að ýmsu leyti.

Frumvarpið er ekki til þess fallið að auka lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar heldur þvert á móti eykur það miðstýringu og flytur ákvörðunartökuna frá félögum í verkalýðsfélögum, s.s. með því að fela samninganefndum alræðisvald þegar þær á annað borð hafa verið kosnar.

Frumvarpið er brot á þeirri yfirlýstu stefnu stjórnvalda um hér skuli ríkja félagafrelsi og raunar einnig samþykkt sem stjórnvöld eru bundin af gagnvart Alþjóðavinnuáráðinu, ILO, um réttin til að stofna verkalýðsfélög. Sést það best á því að ein tegund stéttarfélaga er lögvernduð í frumvarpinu, þ.e. fyrirtækjafélög.

Það væri full ástæða að rekja hér fleiri atriði en það verður ekki gert, heldur vísast hér í umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarpið.

Verkalýðsfélag Akraness mótmælir framlagningu frumvarpsins og skorar á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar og hvetja þannig til þess að samtökum launafólks og atvinnurekenda gefist tækifæri til þess að semja sín á milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllst,

f.h. Verkalýðsfélags Akraness

Hver Gunnarsþórunn formaður